

Mál nr. 450/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafna vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, dags. 10. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Málsatvikum er lýst þannig í málsgögnum að 24. janúar 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við störf sín sem stuðningsfulltrúi hjá X, sem rekur skóla fyrir börn á grunnskólaaldri með þroskafrávik og sérþarfir. Hafi tjónið átt sér stað í íþróttatíma í fimleikasal íþróttahúss. Hafi M staðið inn í sal að fylgjast með nemanda í hennar umsjón sem hafi verið að leika sér á trampólíni. Í umrætt sinn hafi 4-5 nemendur verið í salnum við hlaup og leik og jafnmargir umsjónaraðilar þeirra munu hafa setið á dýnu á gólfinu „aðeins frá“ því svæði sem nemendurnir léku sér á. Er atvikum lýst svo að tjónvaldur hafi skyndilega stokkið á M með þeim afleiðingum að hún féll á gólfíð. Hafi tjónvaldur þá lagst ofan á M, gripið um axlir hennar og hrist hana af miklu afli. Þó M hafi beðið hann um að hætta og gefið til kynna að hann væri að meiða hana, hafi hann ekki látið af þessu athæfi fyrr en aðrir starfsmenn skárust í leikinn. Í málskoti kemur fram að tjónvaldur sé 16 ára, stór og mikill nemandi með Downs heilkenni og mun meiri að burðum en M. Í tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 23. mars 2024, segir m.a. að eftir slysið hafi M verið mjög stíð og verkjuð í baki og hálsinum. Ekki liggja fyrir í málinu læknisfræðileg gögn um afleiðingar slyssins.

Í málskoti er í fyrsta lagi byggt á því að M eigi bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V samanber ákvæði í gildandi kjarasamningi. Það ákvæði í kjarasamningi, gr. 8.4.1, sem um ræðir hljóðar svo: „Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum, skal beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.“ Þá er í málskoti einnig að finna rök M fyrir því að skilyrði þau sem eru að finna í kjarasamningsákvæðinu séu uppfyllt í málinu. Í öðru lagi byggir M á því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu. Telur M að tjón sitt verði rakið gálausrar háttsemi starfsmanna X. Er á það bent að annar starfsmaður en M hafi haft það hlutverk að fylgjast með tjónvaldi. Þeim starfsmanni hafi orðið á mistök við eftirlitið. Hann hafi því ekki sinnt starfsskyldum sínum með réttum eða fullnægjandi hætti og því hafi farið sem fôr. Er sérstaklega bent á að sá starfsmaður sem átti að fylgjast með tjónvaldi hafi verið staðsettur of langt frá honum til þess að geta gripið inn í aðstæður. Telur M að þegar horft sé til atvika máls liggi fyrir að nauðsynlegt hafi verið að hafa gætur á tjónvaldimeðal annars vegna stærðar hans og styrks. Er í þessu sambandi bent á að X leggi áherslu á það í starfi sínu að allir nemendur skólans þurfi að hafa maður á mann þjónustu, þ.e. að það þurfi ávallt að fylgja nemendum eftir og hafa auga með þeim.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 10. janúar 2025, kemur fram að félagið telur að framangreint ákvæði í kjarasamningnum falli utan gildissviðs ábyrgðartryggingar X. Í því sambandi vísar V í 3. gr. í skilmálum um ábyrgðartryggingu. Þessu til viðbótar tekur V fram að ef nefndin telji þrátt fyrir framangreint að kjarasamningsákvæðið falli undir gildissvið ábyrgðartryggingarinnar, þá telji V að skilyrði þau sem þar er að finna séu ekki uppfyllt. Í því sambandi bendir V á að í umrætt sinn hafi M ekki haft umsjón með tjónvaldi auk þess sem félagið telji að tjónvaldur uppfylli ekki það skilyrði að geta „ekki eða aðeins með takmörkuðum hætti borið ábyrgð á gerðum sínum.“ Hvað varðar spurninguna um ábyrgð X á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu, bendir V á að það telji ósannað að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Telur V að ósannað sé að slysið verði rakið til mistaka starfsmanna eða vanrækslu á umsjónarskyldum með tjónvaldi, ófullnægjandi

skipulags eða verkstjórnar af hálfu X né heldur annarra aðstæðna eða atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á. Færir V frekar rök máli sínu til stuðnings.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að ágreiningurinn í málinu sé tvíþættur. Í fyrsta lagi er á því byggt að M eigi skaðabótarétt úr ábyrgðartryggingu á grundvelli tiltekins ákvæðis í kjarasamningi sem um hefur verið fjallað að framan. Þeirri kröfu hefur V hafnað með vísan í 3. gr. í skilmálum sem gilda um ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem segir að : „...vátryggingin taki ekki til bótaábyrgðar, sem stofnast vegna loforðs frá vátryggðum um, að hann beri viðtækari ábyrgð en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Sama gildir um samning, sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.“ Nefndin telur að þetta skilmálaákvæði, sem sé skýrt og ótvírætt, leiði til þess að hugsanlegur bótaréttur M gagnvart X sem byggir á framangreindu kjarasamningsákvæði falli utan gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar.

Í öðru lagi byggir M á því að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli vinnuveitandaábyrgðarreglu. Sú regla gerir það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Að mati nefndarinnar hafa ekki í málinu verið lögð fram nein þau gögn af hálfu M sem hægt er að byggja þá niðurstöðu á að framangreind sönnun hafi tekist. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að M eigi ekki rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir